

Ferðumst innanlands

Kynningar:
Dalabyggð
Reykjavík
Hafnarfjörður
Icelandair hótel
Reykjanes
Nordic bilaleiga
Fjallabyggð
Hrísey
Langanesbyggð
Bilaleiga Akureyrar

LAUGARDAGUR 23. MAÍ 2020



Dýrðleg náttúrufegurð í Dalabyggð

Dalirnir eru fjölbreytt ferðasvæði fyrir ólíka ferðamenn, hvort sem er fyrir fjölskylduna, vinahópin, einstaklinga eða þör sem vilja njóta náttúrunnar og kynnast söguslóðum.

Það er tilvalið að skella sér í ferðalag um Dalina í sumar. „Sjálfr er ég nýlega flutt í Dalabyggð og get staðfest að fólkið hér er bæði yndislegt og gestrisið og reiðubúið að hjálpa áhugasömum að finna skemmtilega áfangastaði og afþreyingu,“ segir Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð.

Dalirnir er svæðið frá Dalasýslu að Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu. Um er að ræða svæðið í kringum stígvélið, fjörðinn sem skilur að Vestfirði og Snæfellsnes. Dalabyggð er landbúnaðarsvæði sem byggir á sauðfjárrækt og hrossarækt, sem gefur tækifæri til skemmtilegra hestaferða. Jóhanna mælir með því að fara um Klofningsveg. „Vegurinn er ómalbikaður en kemur vel undan vetri. Þar má finna náttúrufegurð, kyrrð og fjölbreytt fuglalíf. Einnig er þar fjöldi gististaða og söguslóðir í hverjum vegarkanti.“

Fyrir unglingana

Heimagerði isinn á Rjómabúinu á Erpsstöðum vekur kæti ungra sem aldinna. Í leiðinni má heilsa upp á kyrnar í fjósinu. „Leikvöllurinn þar gefur yngri kynslóðinni tækifæri til að sletta úr klaufunum. Þá er tilvalið að baða sig í sundlauginni að Laugum í Sælingsdal.



Dalabyggð er mikið landbúnaðarsvæði. MYND/BJÖRN A. EINARSSON

Á Eiríksstöðum má sjá hvernig vikingarnir bjuggu og máta vopnin sem þeir notuðu. Húsdýragarðurinn að Hólum hittir líka ávallt í mark.“

Söguslóðir

Dalirnir eru frægar söguslóðir. „Hér gerðist Laxdæla. Litlu síðar bjó hér Eiríkur rauði. Sonur hans, Leifur heppni, fæddist í

Haukadal og í tilgátuhúsinu að Eiríksstöðum má sjá aðstæður feðganna. Snorri Sturluson, einn frægasti rithöfundur Íslendinga, fæddist að Hvammi, þeim sama og Auður djúpúðga nam land á, en á Krosshólaborginni er eftirmynd tilbeiðslukrossins sem hún reisti sér. Einnig má halda á slóðir einhvers frægasta ástarþríhyrnings Íslandssagnanna og baða sig í



Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð.

Guðrúnarlaug líkt og Guðrún Ósvífursdóttir. Slóðir Geirmundar heljarsskinns eru á Skarðsströndinni. Þá átti hann kvennabúr á Kvenhóli (nú Kvennahóli) hinum megin Klofnings og Sturla Þórðarson sagnaritari og skáld bjó að Staðarhóli í Saurbæ.

Saga Dalabyggðar er ekki öll svo forn. Hér fæddist Árni Magnússon handritasafnari að Kvennabrekku

í Miðdölum þar sem Theódóra Thoroddsen skáld fæddist. Stefán frá Hvítadal er kenndur við Hvítadal í Dalasýslu og Jóhannes úr Kötlum fæddist að Goddastöðum í Laxárdal og ólst upp í Ljárskógaseli. Minnisvarði um hann stendur í Búðardal. Jón Jónsson, skáld og söngvari, fæddist að Ljárskógum og þar stendur minnisvarði um hann. Þá ólst atómskáldið Steinn Steinarr upp í Saurbæ.“

Gisting

Búðardalur er eini þéttbýliskjarni Dalabyggðar. „Dalirnir bjóða upp á fjölda gististaða við allra hæfi svo sem hótél, gistihús, sumarhús, uppgerða, gamla sveitabæi og heimagistingu, í þéttbýli og utan þess. Tjaldsvæðið í Búðardal er opið allt árið og tjaldsvæðið á Laugum í Sælingsdal er opið yfir sumartímann.“

Fyrir matargetið

Matgæðingar geta leyft bragðlaukunum að njóta sín í Dölunum. „Hérna má gæða sér á ís og ostum á Erpsstöðum, borða á Dalahyttum eða hjá ferðaþjónustunni að Seljalandi í Hörðudal. Þá má bragða á lystisemdum á gistiheimilinu að Vogum á Fellsströnd eða í Dalakoti í Búðardal. Að lokum má njóta sín með góðan kaffibolla í Blómalindinni í Búðardal.“

Útgefandi: Torg ehf.

Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5654,

Veffang: frettabladid.is



Fjölbreytt og frábær skemmtun






Menningarleg upplifun

Byggðasafnið í Görðum Akranesviti



Instagram Facebook VISITAKRANES

Velkomin á Akranes



Eitthvað fyrir alla fjölskylduna

Sund og fjöruferð
Klifur og golf



Skemmtileg útivist fyrir alla

Guðlaug og sjósund
Göngu- og hjólaleiðir
Fjallgöngur á Akrafjall





Eitthvað verður í boði fyrir unga sem aldna í miðborginni í sumar.

Miðborgin mun iðða af lífi í sumar

Verkefnið Sumarborgin 2020 fer af stað hjá Reykjavíkurborg á næstunni. Markmiðið er að vekja athygli á margbreytileika miðborgarinnar og þeirri fjölbreyttu verslun, þjónustu og afþreyingu sem þar er í boði.

Þær Björg Jónsdóttir og Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjórar hjá Reykjavíkurborg, munu leiða verkefnið í sumar. Þær segja að miðborgin verði sett í sérstakan sumarbúning og margt skemmtilegt verði um að vera í tengslum við verkefnið. Hreinsunaráttak er nú þegar farið af stað og garðyrkjan er í óðaönn að undirbúa að planta út sumarblómum.

„Borgin býður líka rekstraraðilum að láta fjarlægja veggjakrot, óski þeir þess. Við leggjum mikinn metnað í að gera miðborgina fallega og aðlaðandi dvalarstað fyrir fólk til að koma og njóta,“ segir Björg.

Þessa dagana vinna verkefnastjórar Sumarborgarinnar að dagskrá í samvinnu við listafólk og rekstraraðila í miðborginni. Þar verður eitthvað í boði fyrir alla, fjölskyldufólk, ungt fólk og eldra fólk.

„Hryggjarstykkið í þessari vinnu er samvinna borgarinnar og rekstraraðila í miðborginni. Við

höfum ákveðið að taka höndum saman til að vekja athygli á þeirri fjölbreytni sem er í miðborginni. Hvergi er eins mikið af veitingastöðum, verslunum, menningu og annarri þjónustu á einum og sama staðnum og í miðborg Reykjavíkur. Einnig verðum við með stútfullt og ítarlegt viðburðadagatal svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í miðborginni,“ Segir Sæunn.

Hvetjum alla í borgarferð í miðborgina

„Borgin fer að breyta um ásýnd í rölegheitum. Fólk ætti að fara að upplifa breytingarnar strax upp úr mánaðamótum. Við ætlum að koma fyrir stólum og borðum hér og þar, svo fólk geti setið og slakað á. Við ætlum að taka fyrir svæði sem fólk veitir almennt ekki mikla athygli, eins og ýmis torg og opin svæði til dæmis, og lyfta þeim upp og gera þau meira aðlaðandi. Markmiðið er að miðborgin verði að skemmtilegum stað þar sem allir geta notið sín,“ útskýrir Björg.



Reykjavíkurborg hefur tekið höndum saman við rekstraraðila í miðborginni til að glæða hana lífi í sumar.



Björg Jónsdóttir og Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjórar Sumarborgarinnar 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Markmiðið er að miðborgin verði staður þar sem allir geta notið sín.

„Við viljum að fólk geti farið í borgarferð til miðborgar Reykjavíkur, hvort sem það býr í Reykjavík eða úti á landi. Hér eru frábærir veitingastaðir og fullt af flottum verslunum, eins og hönnunar- og fatabúðum. Svo eru margar menningarstofnanir hér í miðbænum, sumar næstum á sama punktinum. Hér er Sjóminjasafnið og Landnámssýningin, Ljósmyndasafnið og Listasafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafnið, Safnahúsið og Listasafn Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Það er hægt að fylla marga daga af alls konar afþreyingu í miðborginni.“

Auglýsa eftir verkefnum

Borgin er nú þegar í samstarfi við ákveðna listamenn sem verða með einhvers konar uppákomur í sumar en einnig verður auglýst eftir skemmtilegum verkefnum til að glæða borgina lífi.

„Það geta verið sjálfstætt starfandi listamenn eða einhverjir sem vilja vinna saman. Til dæmis gætu rekstraraðilar viljað gera eitthvað skemmtilegt í samstarfi við borgina og aðra rekstraraðila. Við viljum ýta undir að allir leggist á eitt við að gera borgina lifandi og skemmtilega. Það er hægt að bjóða upp á alls kyns viðburði, það geta verið listsýningar, markaðir, tónleikar eða kannski vill einhver vekja athygli á einhverri sérstakri þjónustu,“ segir Björg.

„Við viljum fylla allt af lífi og litlum uppákomum. Fólk á að geta farið niður í bæ, notið mannlífsins og látið koma sér á óvart.“

Á amerískum húsbíl um landið

Hjónin Hliðar Sæmundsson og Nanna Bára Maríasdóttir fjárfestu í öflugum húsbíl árið 2005. Þau pöntuðu bílinn, sem er Ford 350, frá Ameríku og hafa ferðast á hverju sumri um landið.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Hliðar segir að þau hjónin fari oft í styttri helgarferðir á bílnum en á sumrin fara þau gjarnan í nokkrar vikur, en það ætla þau einmitt að gera í sumar. „Við ætlum að fara hringinn í kringum landið og taka Vestfirðina með,“ segir hann. „Við förum í fyrstu ferðina okkar um landið sumarið 2006 en ég hef alltaf haft áhuga fyrir svona ferðamata. Amma mín og afi áttu húsbíl og sömuleiðis móðir mín. Ég ólst því upp við að ferðast mikið innanlands í húsbíl,“ segir Hliðar.

„Bíllinn sem ég keypti frá Ameríku er eiginlega orðinn fornbill, árgerð 1994, en í mjög góðu standi með öllum þægindum. Hann er mjög rúmgóður og við sváfum einu sinni ellefu í honum þótt það hafi nú kannski verið þröngt. Ég þurfti ekkert að gera fyrir bílinn þegar hann kom til landsins. Hann var í toppstandi. Maður dyttar að honum milli ferða en annars er hann frábær. Í bílnum er eldunar- og svefnaðstaða, sjónvarp og netið. Það er eins og að vera heima hjá sér að dvelja í honum,“ útskýrir Hliðar sem segir að þau fari oft styttri ferðir á bílnum um helgar. „Förum austur fyrir fjall eða í Borgarnes eða slóðir þar í kring. Við búum í Garðinum og keyrum í um það bil tvo tíma í styttri ferðum.

Á sumrin leggjumst við í lengri



Hliðar og Nanna elska að ferðast um Ísland á húsbíl og fara oft í nokkurra vikna ferðalag.

Húsbíllinn þeirra Nönnu og Hliðars er engin smásmíði enda rúmar hann marga og býður upp á öll þægindi. Bíllinn er af gerðinni Ford 350 og er árgerð 1994.



“Bíllinn er eiginlega orðinn fornbill, árgerð 1994, en í mjög góðu standi með öllum þægindum.

ferðir. Í júní ætlum við að vera í fimm til sex vikur. Ég held að ég hafi komið á flesta staði á landinu nema Flatey, en þangað kemst ég ekki með bílinn. Við höfum þó farið í Hrísey og Grimsey. Ferðalög um Ísland er áhugamál okkar beggja og við njótum þess bæði

að skoða landið. Þar sem við erum með fjórhjól með okkur förum við oft upp í fjöll eða inn í dali þar sem er ekki bílfært frá tjaldsvæðum. Yfirleitt stoppum við í tvo daga á hverjum stað. Það er orðið svolítið langt síðan við förum á Norð-austurlandið en þangað langar mig að fara í sumar auk Vestfjarðanna. Oftast förum við austur á Norð-fjörð, en þar liggja rætur minar eða norður á Akureyri.“

Hliðar segir að þau ferðist líka til útlanda en aldrei á sumrin. „Við viljum ferðast um eigið land á sumrin en förum í haust- eða vetrarferðir til útlanda,“ segir hann. Hliðar og Nanna eiga níu börn frá fyrri hjónaböndum svo fjölskyldan er stór. Hliðar segir að barnabörnin hafi mjög gaman af að koma með þeim í ferðalögin innanlands.

Hliðar og Nanna taka með sér allar nauðsynjar að heiman en kaupa það sem vantar á leiðinni. „Við höfum líka gaman af því að fara út að borða á þeim stöðum sem við heimsækjum og gerum það reglulega. Síðan eldum við sjálf þess á milli. Það eru mörg góð veitingahús á landsbyggðinni,“ segir hann. Þegar Hliðar er spurður um uppáhaldsstað á landinu, svarar hann glettinn: „Það er auðvitað Garðurinn þar sem við búum. Mér finnst samt alltaf mjög gaman að koma á Austfirði,“ segir Hliðar sem með sanni má segja að sé einn af áhugasömustu ferðalöngum Íslands.

Þar sem gleðin ræður för í sumar

Á Viðistaðatúni í Hafnarfirði er gott tjaldsvæði með helstu þægindum fyrir ferðamenn. Þaðan er stutt að röltu í Hellisgerði eða á milli frábærra verslana, veitingahúsa, safna og sundlauga.

Heilsubærinn Hafnarfjörður tekur vel á móti ferðamönnum í sumar. Helsta sérkenni bæjarins er lifandi og fallegur miðbær. Þar er fjölbreytt verslun og þjónusta sem teygir sig um allan bæ. Veitingastaðir í Hafnarfirði eru afar vinsælir hjá heimamönnum og gestum bæjarins enda rómaðir fyrir góðan mat. Flóran er fjölbreytt og eitthvað við allra hæfi, hvort sem fólk vill vikingaveislu, tailenskan, íslenskan eða bara eðalgott kaffi og súkkulaðiköku.

Það eru þrjár sundlaugar í Hafnarfirði og frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Þá er ókeypis aðgangur að Bygðasafninu auk menningar- og listamiðstöðvarinnar Hafnarborgar. „Í byrjun júní verður opnuð ný sýning í Pakkhúsi Bygðasafnsins um grásleppukarla og smábátaútgærd í Hafnarfirði, en þar eru alla jafna þrjár sýningar í gangi í einu, fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning,“ segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála hjá Hafnarfjarðarbæ, og bendir á að á heimasíðunni hafnarfjordur.is sé hægt að finna heilt stafróf af hugmyndum um það sem bærinn hefur upp á að bjóða í sumar.

„Allt frá hreyfingu í upplandinu, dorgveiði við höfnina eða álfaleit í Hellisgerði. Í sumar verður boðið upp á menningar- og heilsugöngur alla fimmtudaga klukkan 20. Göngurnar veita frábært tækifæri til þess að kynnst bænum nánar. Göngurnar taka flestar um



Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála hjá Hafnarfjarðarbæ, segir bæinn laða að marga ferðamenn enda er margt hægt að gera í bænum og næsta nágrenni, til dæmis eru gönguleiðir margar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

klukkstund og þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Þá verður boðið upp á fjallgöngu fyrir byrjendur á Helgafell, göngur í miðbænum og fræðslugöngu umhverfis náttúruperluna Ástjörn. Þess má geta að Helgafellið er svo vinsælt hjá göngufólki að nú er verið að undirbúa fjölgun bilastæða á svæðinu.“

Andri segir að Vikingahátíðinni hafi verið frestað vegna COVID-19

og enn sé óljóst með ýmsar aðrar upptakomur í sumar. Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Hafnarfirði er staðsett í þjónustuverinu í ráðhúsi Hafnarfjarðar og þar er tekið vel á móti öllum þeim sem vilja nálgast upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er í Hafnarfirði. Flestir hafa mikinn áhuga á Reykjanesinu og gera sér ferð á háhitasvæðið Seltún í Krýsuvík.

„Það er alltaf gaman að koma við í Seltúni og skoða hveravirknina í sibreytilegum leirhverunum. Einnig höfum við fundið aukinn áhuga á alls kyns hreyfingu, margir fara út að hjóla eða ganga. Stigurinn sem liggur hér eftir Fjardargötunni er til dæmis alltaf vinsæll hjá útivistarfólki.“


Andri segir að það væsi ekki um gesti á tjaldsvæði bæjarins.

“Allt frá hreyfingu í upplandinu, dorgveiði við höfnina eða álfaleit í Hellisgerði. Í sumar verður boðið upp á menningar- og heilsugöngur alla fimmtudaga klukkan 20.

Þar er afþreying fyrir börnin, svokallaður ærslabelgur, auk frábærrar grillaðstöðu. „Stutt er í alla þjónustu og veitingastaði. Í nálægð Hafnarfjarðar er síðan að finna ósnortna náttúru við Hvaleyrarvatn. Við höfum verið að auglýsa skapandi sumarstörf fyrir hópa sem eiga eftir að glæða bæinn lífi í sumar. Ég efast ekki um að bærinn eigi eftir að iða af skemmtilegum upptakomum þótt hátíðir verði að biða betri tíma. Hafnarfjörður er bær sem hvetur til heilsuefningar og það er ótrúlega jákvætt að sjá hvað fólk er duglegt að hreyfa sig og njóta umhverfisins. Þá má ekki gleyma ratleik Hafnarfjarðar sem er alltaf á sumrin. Gefið er út ókeypis ratleikskort þar sem 20 staðir eru merktir til að heimsækja. Það hefur verið gríðarleg þátttaka í leiknum á undanförunum árum og við eigum von á að svo verði einnig í sumar,“ segir Andri og hvetur fólk til að heimsækja heilsubæinn Hafnarfjörð.



www.esveit.is/velkomin



Sumarið er okkar – tilboð allan hringinn

Icelandair hótel leggja sitt af mörkum við að hvetja landsmenn til að uppgötva landið sitt sem ferðamenn. Endalausir möguleikar eru á upplifun í gistingu, veitingum og afþreyingu.

Stefna Icelandair hótela er að veita gestum sanna, íslenska upplifun gegnum samheldna fjölskyldu innlendra og erlendra vörumerkja félagsins. „Við þjónum breiðum hópi viðskiptavina með fjölbreytt úrval vörumerkja, þar sem við höfum undir hatti okkar sjö hótelvörumerki, sex veitingastaði og þrjár heilsulindir,“ segir Kristín Katrín Guðmundsdóttir, sem hefur starfað hjá hótelnunum í átta ár og er forstöðumaður sölu- og bókunardeildar.

Aðspurð hvernig sumarið leggist í hana segir hún vissulega minni starfsemi þetta sumarið, en að hót-elstjórar hlakki mikið til að taka vel á móti fleiri Íslendingum í sumar og eiga stærri þátt en oft áður í sumarfríi þeirra. Í sumar verður opið á Icelandair hótel Akureyri, Mývatni, Héraði, Flúðum og Hamri, sem og á Hótel Eddu Akureyri, Reglstöðum og Höfn ásamt Hilton Reykjavík Nordica.

Kristín Katrín segir ný sumar-tilboð hótellanna fara vel af stað og svo virðist sem fagleg þjónusta og gæðahótel á sanngjörnu verði eigi upp á pallborðið hjá Íslendingum og að ferðahugur sé kominn í fólk.

Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Margs konar tilboð eru í boði, hvort sem um er að ræða dekurpakka fyrir tvo, sem hafa notið mikilla vinsælda, eða tilboð sem henta allri fjölskyldunni. Kristín Katrín bendir á að best séu tilboðin þegar fólk kaupir 5 eða 10 náttu pakka þar sem lægsta verðið er frá 13.900 með morgunverði fyrir tvo. Einn helsti kostur slíkra pakka, fyrir utan verðið, er að þurfa ekki að bóka allar næturnar í einu.

„Við leggjum áherslu á að sem flestir geti fundið tilboð við hæfi, hvort sem um ræðir einstaklinga eða fjölskyldur og hvort sem hugur þeirra stendur til að uppgötva



Icelandair hótel Mývatn er lítríkt og skemmtilegt hótel sem var opnað í júlí 2018.



Kristín Katrín Guðmundsdóttir, forstöðumaður sölu- og bókunardeildar hjá Icelandair hótelnunum, biður eftir sumrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

höfuðborgina eða sitt eigið Ísland.

Við viljum einnig vera viss um að gestir okkar, stórir sem smáir, fari saddir út í daginn á vit ævintýranna og því er staðgöður morgunverður innifalinn í sumar-tilboðum okkar.“

Væn og græn hótel

Icelandair hótel hafa um árabíl verið leiðandi í vistvænum hótélrekstri og voru til að mynda fyrst á Íslandi til að fá alþjóðlega umhverfisvottun á öllum hótelnunum í rekstri félagsins. Fyrsta hótelið til að fá slíka vottun var Icelandair hótel Reykjavík Natura í júní árið 2012.

„Við höfum ávallt sett markið hátt þegar kemur að hreinlæti og gæðamálum hjá okkur og auðvitað pössum við að tilmælum yfirvalda sé fylgt,“ segir Kristín Katrín og segist mjög stolt af því vera hjá

félagi sem tekur samfélagslega ábyrgð alvarlega og á sem dæmi gott samstarf bæði við Landsbjörgu, Krabbameinsfélag Íslands og fjöldann allan af íslenskum samtímalistamönnum, hönnuðum, rithöfundum, ljósmyndurum og fleirum, sem eiga stóran þátt í að gleðja augu ferðamanna.

„Við leggjum mikið upp úr að dvöl hjá okkur sé ekki bara rúm og sturta heldur heildræn upplifun frá því að þú labbar inn og þar til þú skráir þig út af hótelinu. Ég mæli alltaf með því við gesti að muna að skoða sig vel um þegar þeir dvelja hjá okkur.“

Aðspurð hvort að það eigi eftir að koma fleiri tilboð, svarar Kristín að hún vilji endilega benda fólki á að skrá sig á Gestalistann, póstlista hótellanna, á heimasíðu Icelandair hótela til að fá nýjustu tilboðin, „því sumarið er okkar.“

App fyrir síðasta séns

Alexander Aron Valtýsson breytti öllum plönum fyrir sumarið vegna kórónuveirufaraldursins. Vinnan tók nýja stefnu með nýju ferða-appi og hann ætlar að fara tvo hringi í kringum landið.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriddinga@frettabladid.is



Alexander Aron er einn þeirra sem ætla að nota tækifærið og ferðast um Ísland í sumar. Það var ekki að vísu ekki á dagskrá í upphafi árs, þegar hann var á kafi í vinnu við að búa til app fyrir snjallsíma og vefsíðu sem var hugsuð fyrir erlenda ferðamenn. Þegar kórónuveirufaraldurinn skall á var ekki um annað að ræða en að breyta öllum plönunum og appið sem var í smíðum tók nýja stefnu.

„Hugmyndin á bak við þetta app á sér nokkra sögu. Við erum fjögur saman sem ætluðum að búa til app þar sem fólk gæti keypt sér miða í leikhús, tónleika eða alls konar sýningar á síðasta séns. Við saum fyrir okkur að ef það væru kannski hundrað sæti laus, gæti sýnandi gefið fólki tækifæri til að fá miða á veglegum afslætti til að fylla salinn og allir væru sáttir. Ætlunin var líka að bjóða ferðamönnum að kaupa ferðir og fleira á tilboðsverði en þá skall COVID-19 á og landið lokaðist,“ segir Alexander Aron, en samstarfsfólk hans eru þau Eygló Rosento, Sverrir Birgir Sverrisson og Valpór Örn Sverrisson.

Sneru vörn í sókn

„Við vildum ekki láta alla þessa vinnu fara í súginn, heldur ákváðum að snúa vörn í sókn og



finna út hvað við gætum gert. Okkur datt þá í hug að breyta appinu í ferðaapp og búa til vefsíðu fyrir Íslendinga sem hygga á ferðalög í sumar, undir heitinu sídastisens.is. Við höfum þegar stofnað Facebook-hóp undir þessu heiti sem allir geta komið í. Þar eru mörg tilboð í gangi og þau snúast ekki bara um síðasta séns heldur ýmislegt annað. Fyrirtæki geta

sett inn tilboð á til dæmis gistingu, mat, afþreyingu og fleiru sem allir geta nýtt sér. Þetta er fyrirtækjum og notendum að kostnaðarlausu,“ segir Alexander Aron, sem undanfarin ár hefur unnið við vefsíðugerð og markaðssetningu fyrir margs konar fyrirtæki.

Reynisfjara í uppáhaldi

Þegar talið berst að ferðalögum

innanlands kemur í ljós að Alexander Aron hefur mest ferðast um Snæfellsnesið, en hann er ættaður úr Stykkishólmi og var mikið á þeim slóðum sem barn.

„Ég hef varla farið austur en að Selfossi,“ segir hann hlajandi og bætir við að reyndar hafi hann komið í Reynisfjöru sem sé í miklu uppáhaldi, enda ein fegursta fjara landsins. „Snæfells-

Við vildum ekki láta alla þessa vinnu fara í súginn, heldur ákváðum að snúa vörn í sókn og finna út hvað við gætum gert.

nesið er líka spennandi svæði, þar er allt sem Ísland hefur upp á að bjóða á einum stað: jökull, hraun, eldstöðvar, flottir veitingastaðir, siglingar um Breiðafjörð og fjölbreytt afþreying. Effólk hefur aðeins einn dag til að ferðast myndi ég mæla með að það færi á Snæfellsnesið,“ segir Alexander Aron, sem telur að núna sé frábær tími til að ferðast innanlands.

„Það verða ekki tíu rútur alla daga við Gullfoss og Geysi í sumar, svo þetta er einstakt tækifæri sem kemur sennilega ekki aftur, því næsta sumar má reikna með miklum fjölda erlendra ferðamanna. Ég ætla að fara hringinn í kringum landið, helst tvisvar, en það hef ég ekki áður gert. Mig langar líka að prófa að fara í ferð með buggy-bíl og fara á fjórhjól. Svo ætla ég að gista í torfhýsi á Möðrudalnum. Það er allavega nóg af spennandi möguleikum í boði,“ segir Alexander Aron.

Við opnum 28. maí

Njótum sumarsins í hlýjunni

Opið alla daga í sumar frá kl. 12 - 19



Sumartilboð

Fullorðnir (17+) 2.000 kr.

Unglingar (13-16) 1.500 kr.

Börn (0-12) frítt í fylgd með fullorðnum

Eldri borgarar (67+) og öryrkjar: 1.500 kr.

10 skipta klippikort: 15.800 kr.



Rúntað og ræktað upp land

Á milli Sultartangelóns og Hrauneyjavegar vinna nokkur mótorhjólafélög að því að græða upp örfoka land og endurheimta forna birkiskóga. Í dag verður farið í hina árlega landgræðsluferð.

Hjördis Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Verið 2009 hóf Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir landgræðsluverkefni undir heitinu Heksluskógar. Tveimur árum síðar gengu fjögur mótorhjólafélög til viðbótar til liðs við verkefnið og hafa þau nú farið á hverju ári í landgræðsluferð þar sem sexhjól í eigu Gísla Einarssonar hefur reynst afar vel.

Árlegur viðburður

Gísli, sem er meðlimur Slóðavina, er einn þeirra sem tekið hafa þátt í verkefninu frá upphafi. „Ég er búinn að vera með nánast frá upphafi,“ segir hann. „Þetta er árlegur viðburður og er samvinnuverkefni nokkurra mótorhjólaklúbba, þar á meðal Slóðavina sem er ekki bara mótorhjóláhópur, heldur ferðaklúbbur á mótorhjólum, fjórhjólum og beltahjólum og fleira. Hinir klúbbarnir sem eru með okkur eru allt mótorhjólaklúbbar.“

Hin félögin sem koma að verkefninu eru BMW klúbburinn á Íslandi, Skutlur, Harley Owners Group Iceland og Gaflarar í Hafnarfirði. Hvert félag fyrir sig vinnur á 25 hektara svæði (500x500) og ber þar á áburð og gróðursetur trjáplöntur ár hvert. Að auki vinna Slóðavinir á 80 hektara svæði á Vaðöldu og Endurvinnslan hf.



Gísli á sexhjólinu goðsagnakennda ásamt mótorhjólakönnum úr kvenhjólaklúbbnum Skutlum.

vinnur á 40 hektara svæði, samhliða mótorhjólafélögunum.

„Við fengum úthlutað og byrjuðum á svæði sem heitir Vaðalda, sem er upphækkað svæði út frá lóninu hjá virkjuninni á Sultartanga. Svo breyttist það þegar við ákváðum að fá sérstakt svæði við Þjóðveginn, sem er svona ca 5 kílómetrar að lengd og 500 metrar á breidd,“ skýrir Gísli frá.

„Þar erum við að vinna að því að búa til skóg sem við ræktum með höndunum, með það fyrir augum að þetta gæti hugsanlega orðið ein-

hvers konar mótorhjólakeyrs- svæði í framtíðinni, ef það er hægt að gera einhverjar skemmtilegar brautir þarna.“ Skógurinn sem félögin vinna að því að græða er í daglegu tali nefndur Mótorhjólaskógurinn.

Alls er uppgræðslusvæðið tæplega 300 hektarar. Ýmsir aðilar hafa styrkt verkefnið, en stærsta styrkinn veitir N1 árlega, þar sem fyrirtækið lánar Slóðavinum vörubíl með krana til að flytja áburðinn og hifa sekkina í vegkantinn við reiti hvers félags.

Kærkomin hjálparhella

„Ég kem alltaf með sexhjól á svæðið, sem er fjórhjól með palli, og það hjálpar okkur að dreifa áburði, það munar miklu að geta dreift áburði til að örva vöxtinn. Það er orðið fastur punktur í þessu og auðveldar alla vinnu.“

Ábyrgðin er mikil. „Ég þarf alltaf að halda því gangandi til að vera öruggur að geta mætt með það, það er orðið fimmtán ára gamalt. Það virkar mjög vel í áburðar- dreifingu því það getur einn verið að keyra og einn setið aftan á pall-



Gísli Einarsson, Slóðavinur og eigandi Nexus, segir sexhjólið hafa komið sér afar vel við áburðardreifingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

inum og kastað áburðinum, svo getur maður líka borið í þau sem eru að kasta úr fötum eða skjólum og eru kannski búin að labba langt frá sekknum, þá getur maður skotist til þeirra með áburð.“

Þá þarf líka að fara gætilega. „Það er alltaf að verða vandasamara að keyra á svæðinu, því það eru alltaf að koma fleiri plöntur, maður verður að passa sig á að keyra ekki á litlu trén.“

Bládamaður spyr Gísla hvort sexhjólið sé hálfgerð þungamiðja verkefnisins. „Það mætti kannski segja að það sé lykilorð þátttakandi í þessu verkefni.“

Í dag verður farið af stað í landgræðsluferðina og lagt verður af stað frá Olís Norðlingaholti klukkan 8.45 og 9.00.

Hægt er að fylgjast með verkefninu á Facebook undir „Mótorhjólaskógurinn“.

Fjölskylduparadísin Reykjanes

Á Reykjanesi getur fjölskyldan notið útivistar og afþreyingar í bakgarði höfuðborgarinnar. Fjöl- margt er í boði og inni á milli leynast faldar perlur, sem alltof margir hafa enn ekki uppgötvað.

Þessi magnaði leikvöllur fyrir börn jafnt sem fullorðna er staðsettur í bakgarði höfuðborgarsvæðisins og því tilvalinn áfangastaður til skemmi eða lengri dvalar,“ segir Eypór Sæmundsson hjá Markaðsstofu Reykjanes.

„Reykjanesið er afar hentugt fyrir barnafjölskyldur sem vilja njóta útivistar, náttúru, menningar og afþreyingar, án þess að leita langt yfir skammt. Það vita ekki allir að á Reykjanesi má meðal annars finna skógi vaxin svæði, þar sem má finna leiktæki og eldunaraðstöðu, líkt og við Sólbrekkur og Háabjalla.“

Á Reykjanesi eru fjölmargir tindar sem hæfa reynslulitlu fjallgöngufólki.

„Þorbjörn við Grindavík er afar hentugt fjall fyrir alla fjölskylduna. Þar er meðal annars hin stórbrotna Þjófagjá, sem allir ættu að skoða. Auk þess er útsýnið magnað og stutt í Selskóg og Bláa lónið,“ upplýsir Eypór.

Hann segir öll góð ferðalög enda á sundferð og góðum bita.

„Á Reykjanesi má finna sundlaug í hæsta gæðaflokki í hverju einasta sveitarfélagi. Innlaugin í Reykjanesbæ er einstaklega hentug fyrir yngstu börnin, en allar hafa laugarnar sín sérkenni og sjarma,“ segir Eypór.

„Á svæðinu má svo finna á fimmta tug veitingastaða af öllum gerðum og ef þú átt til dæmis eftir að heimsækja Hjá Höllu eða bragða hinn heimsfræga Villaborgara, þá áttu margt eftir ólífað.“



Það er auðvelt að koma til móts við ferðagleði barna á Reykjanesi þar sem ævintýrin biða þeirra við hvert fótstíga.



Fjöruferð að Kleifarvatni er einstök upplifun.

Margt er hægt að bralla með ungvíðinu á Reykjanesi, svo sem að veiða eða dorga, kíkja á róló, í hvalaskoðun, ganga um hellinn Leiðarenda og bregða sér yfir Brú á milli heimsálfa, sem er einstök á heimsvísu.

Reykjanesið á líka augljóslega nóg af fjörum sem auðvelt er að sækja.

„Hvíta sandinn má finna á Garðskaga og svarta sandinn í Sandvík eða við Kleifarvatn. Gönguleiðir eru um gjörvallt Reykjanes og margar þeirra eru einstaklega aðgengilegar og hentugar fyrir börn,“ segir Eypór.

Söfn sem henta öllum

Reykjanes hefur að geyma fjölmörg söfn, þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.

„Má þar nefna Skessuna í hellinum, Rokksafn Íslands, Víkingasafnið, Duus-hús, Byggðasafnið á Garðskaga, Þekkingarsetrið í Sandgerði og Saltfisksetrið í Grindavík. Glæsileg bókasöfn eru einnig á Reykjanesi, þar sem gaman er að grúska í bókum og leika,“ segir Eypór.

Fjölmarginn annað er hægt að bralla með ungvíðinu á Reykjanesi.

„Svo sem að veiða og dorga, kíkja á róló, spila golf, skella sér í hjólaferð, kíkja í hvalaskoðun, ganga um hellinn Leiðarenda, bregða sér yfir Brú á milli heimsálfa, sem er einstök á heimsvísu og staðsett plötuskilum Evrópu og Ameríku. Svo er bara hægt að kíkja í bíltúr Krýsuvíkurleiðina og staldra við á stórbrotnum stöðum eins og Brimkatli og smella af sér mynd, svo fátt eitt sé nefnt.“



Ég fer á fjöll!



Ferðafélag Íslands
www.fi.is

Hótel á hjólum

Hjá Nordic bílaleigu eru til leigu hús-bílar og camperar með öllum þægindum og góðu svefnpláss. Aðeins þarf að sækja bíllyklana og aka af stað út í náttúruna á flottu ökutæki.

Hvort sem þú hefur í huga að elta sólina og góða veðrið í sumar eða fara í stutta helgarferð, þá er Nordic bílaleigan með rétta bílinn fyrir þig. Hægt er að leigja frábæra hús-bíla og camp-era með svefnpláss fyrir tvo til sex. Hjá Nordic bílaleigu færðu bíla á einstökum sérkjörum í sumar. „Við bjóðum eitt verð og í því er allt innifalið, svo sem tryggingar og ótakmarkaður kílómetrafjöldi. Þú kemur einfaldlega til okkar, færð bíllyklana afhenta og keyrir af stað hvert þangað sem förinni er heitið,“ segir Davíð Snær Jónsson, framkvæmdastjóri bílaleigunnar, sem er sú stærsta sinnar tegundar á landinu með yfir 75 hús-bíla og 150 camp-era.

Hægt er að velja um misstóra hús-bíla, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. „Við erum með hús-bíla sem rúma allt frá þremur og upp í sex manns. Þeir eru mjög vinsælir fyrir fjölskyldur og hópa sem eru að ferðast saman,“ segir Davíð og bætir við að hús-bílarnir séu í raun eins og hótél á hjólum. „Hús-bílarnir eru búnir öllum

nútímapægindum, svo sem eldhúsi með góðri eldunaraðstöðu, vaski, gaseldavél, ísskáp, frábærri svefn-aðstöðu, salerni og sturtu. Í þeim er gashitakerfi svo engum verði kalt á nóttunni og einnig vatnshitari svo hægt sé að fara í notalega sturtu. Hús-bílarnir henta frábærlega fyrir hringferðir um landið, eða styttri ferðalög út úr bænum,“ segir Davíð.


Camperarnir eru minni bílar sem eru fullkomnir fyrir tvo til fjóra einstaklinga og í þeim er góð upphitun svefnaðstaða. „Slíkir bílar henta til dæmis fólki sem vill skoða landið án mikillar fyrirhafnar. Í þeim er meðal annars góð olíu-miðstöð til að halda hita í bílnum yfir nóttina,“ bendir Davíð á.

Hreinlæti í fyrirrúmi

Starfsfólk bílaleigunnar þrífur alla bílana hátt og lágt áður en þeir fara í útleigu og sótthreinsa vel alla snertifleti. „Þegar COVID-19 faraldurinn blossaði upp ákváðum við að snúa vörn í sókn og bjóða landsmönnum hús-bíla og camp-era á sérkjörum í sumar, til að meðal annars tryggja starfsfólki okkar



Það er ekki amalegt að aka einum svona í kringum landið. Verð frá 13.900 krónum sólarhringur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Að sögn Davíðs eru hús-bílarnir búnir öllum nútímapægindum eins og eldhúsi, gaseldavél, ísskáp, svefnaðstöðu, salerni og sturtu.

áframhaldandi vinnu. Við höfum fundið fyrir gríðarlegum áhuga, fengið þúsundir fyrirspurna og á annað hundrað pantanir. Við erum virkilega hrærd yfir þessum áhuga og finnum mikla samheldni í samfélaginu. Fólk ætlar greinilega að ferðast innanlands og njóta lífsins í sumar. Ég held að það hafi sjaldan verið jafnmikill áhugi á ferðalögum innanlands og nú,“ segir Davíð og bætir við að sér sýnist á öllu að íslensk ferðaþjónusta ætli að taka höndum saman og bjóða landsmönnum gott verð á komandi mánuðum.

„Undanfarin fimm ár hefur verið mikil uppbygging innan ferðaþjónustunnar og í boði eru alls konar ferðir og afþreying, fjöldi veitingastaða hefur aldrei verið meiri og svona mætti lengi telja. Núna er rétti tíminn til að kynna sér hvað er í boði og ferðast um landið. Það er ekkert sem stoppar þig á hús-bíl,“ segir Davíð.

Nordic bílaleiga er til húsa að Njarðarbraut 11 í Reykjanesbæ en bílarnir eru til sýnis að Funahöfða 6 í Reykjavík. „Við höfum haldið fimm hús-bílasýningar, þar sem við erum bæði með hús-bíla og camp-era til sýnis. Hægt er að finna tímasetningar næstu sýninga á Facebook-síðu okkar,“ segir Davíð. Facebook-síða bílaleigunnar er Nordic Car Rental Campers.

Allar nánari upplýsingar og verð má finna á heimasíðunni NordicCarRentalCampers.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á Info@NordicCarRental.is eða hringja í síma 511-5660.



Vill deila stöðunum með öðrum

Landslagsljósmyndarinn Garðar Ólafsson hefur skrásett alla uppáhaldsstaði sína á Íslandi undanfarinn áratug og gaf nýlega út leiðarvísi með upplýsingum um þá og staðsetningu þeirra.

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Garðar er ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður sem hefur mikinn áhuga á landslagi og hefur ferðast mikið um allt land til að mynda það. Nýlega gaf hann út leiðarvísi sem heitir The Ring Road Guide þar sem skráðir eru niður allir uppáhaldsstaðir hans á hringvegnum með nöfnum og GPS-hnitum.

National Geographic hefur birt ljósmyndir Garðars og erlendir ferðamenn og ljósmyndarar hafa sótt í leiðarvísa hans, en hann ákvað að gefa öllum landsmönnum ókeypis aðgang að nýja leiðarvísinum til að leggja sitt af mörkum til að sem flestir geti átt gott ferðasumar.

Áhugi Garðars á landslagsljósmyndun kviknaði þegar bróðir hans tók hann með sér sem aðstoðarmann í ljósmyndaferð til Indlands árið 2009 og hann keypti sína fyrstu vél þegar hann kom heim. Árið eftir hófst eldgos í Eyjafjallajökli.

„Þá fór ég að ferðast mikið til að taka myndir af gosinu og náði myndum sem vöktu nokkra athygli,“ segir Garðar.

Margir vildu finna staðina

„Ég skrifaði niður staðina sem ég var að heimsækja jafnóðum því ég vildi geta farið þangað aftur og



Garðar hefur ferðast mikið um landið og fundið marga magnaða staði sem hann langar að deila með öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

reyna að finna aðra flotta staði í kringum þá,“ segir hann. „Ég setti þetta svo upp í tölvu og skrifaði líka upplýsingar um staðina. Þannig endaði ég með skrá yfir mína uppáhaldsstaði á landinu.

Á Instagram voru margir að spyrja hvar staðirnir sem ég myndaði væru, þannig að mér datt í hug að skrifa stafrænan leiðarvísi,“ segir Garðar. „Leiðarvísirinn er í PDF-skjali sem er hægt að skoða bæði í síma og tölvu og það er hægt að taka GPS-hnitin fyrir hvern einasta stað úr skjalinu og opna þau í Google Maps.“

Tveir staðir í uppáhaldi

Garðar segir að núna sé Múla-gljúfur uppáhaldsstaðurinn hans á landinu.



National Geographic birti þessa mynd af Mælifelli. MYND/GARÐAR ÓLAFSSON



Garðar byrjaði að ferðast um til að mynda árið 2010. MYND/GARÐAR ÓLAFSSON

„Það er í rauninni smá leynistaður sem ég hef farið á til að mynda náttúruperlu. Þetta er glæsilegt gljúfur og í enda þess er foss og svo er jökullinn í baksýn. Þetta er magnaður staður, en það er smá ferð að komast þangað,“ segir hann.

Stuðlagil á Austurlandi er líka í miklu uppáhaldi. „Myndir þaðan hafa vakið mikla athygli. Þar er stuðlaberg úr basalti og túrkis-blátt vatn sem rennur í gegn,“ segir Garðar. „Þetta er einstaklega fallegt.“

Ókeypis á vefnum

„Það eru margir sem ferðast innanlands en vita ekki endilega um þessa staði, en mig langar bara að leyfa fólki að njóta þeirra með mér,“ segir Garðar. „Leiðarvísirinn kostar 25 dollara á vefsíðunni minni en mér fannst tilvalið í þessu ástandi sem er núna að gefa landanum aðgang að honum.“

Leiðarvísirinn er að finna á slóðinni: gardarolafs.is/product/iceland-ring-road-guide/. Til að fá hann ókeypis þarf að nota afsláttarkóðann „landidmitt“ þegar búið er að setja hann í körfuna. Þá fæst hann með 100% afslætti.

Þeir sem vilja fylgjast með Garðari geta gert það á vef hans, gardarolafs.is, og á Instagram undir notandanafninu gardarolafsphotography.



Ert þú klár í sumarið?

Sumarglaðningur fylgir öllum nýjum Honda CR-V Hybrid



Honda CR-V Hybrid kostar frá

6.590.000 kr.

Afborgun á mán. **47.931 kr.***

5

ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI



Sumarglaðningur

Öllum nýjum Honda CR-V fylgir veglegur sumarglaðningur að verðmæti **350.000 kr.** sem inniheldur:

- Honda Izy-ON hleðslu sláttuvél.
- 10 náttu klippikort frá Icelandair hótélum.

Klippikortið gildir fyrir 10x tveggja manna herbergi á Icelandair hóteli að eigin vali. Settu saman ævintýraferð um Ísland fyrir þig og þína.



Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

Komdu í heimsókn í Honda á Fosshálsi 1 og upplifðu Hybrid fyrir lengra komna.



ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland

Fjallabyggð tekur vel á móti þér

Í stórbrotnu landslagi Fjallabyggðar má finna fjölbreyttar gönguleiðir um fjöll og dali og njóta einstaks útsýnis í kyrrð og ró. Þá eru afþreyingarmöguleikar spennandi og nánast ótæmandi.

Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar, segir möguleikana á afþreyingu og útivist í sveitarfélaginu ótæmandi. „Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúrufegurð þar sem feegurð fjalla og fjarða er stórfengleg og möguleikar á sviði útivistar og tómstunda eru hreint óþrjótandi. Návígið við náttúruna er ávallt innan seilingar, hvort heldur haldið er í gönguferðir, í golf, sjósund, sjóbretti, kajak, sæþotur, eða slakað á í rómuðum bæjarkjörnum. Flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Fjallabyggð.“

Stórbrotin náttúra

Linda segir Héðinsfjarðargöngin, sem opnuð voru árið 2010, hafa gert það að verkum að nú sé auðveldara að ferðast um svæðið, nokkuð sem ferðamenn hafa nýtt sér. „Ferðamannastraumur til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar hefur aukist umtalsvert eftir að Héðinsfjarðargöng voru opnuð, en með tilkomu þeirra er nú aðeins um 15 mínútna akstur á milli þessara byggðakjarna, sem mynda sveitarfélagið Fjallabyggð.“

Þetta hafi opnað fyrir nýjan heim möguleika. „Með tilkomu Héðinsfjarðarganga er Tröllaskagi orðinn ákjósanlegur áfangastaður fyrir ferðamenn, enda hefur hann upp á margt að bjóða; stórbrotna náttúru, fjölbreyttar gönguleiðir, fjölskrúðugt fuglalíf og mikla afþreyingarmöguleika.“

Það sé nóg um að vera hvað afþreyingu snertir. „Í Fjallabyggð eru tveir níu holu golfvellar og tvær sundlaugar, þar af er önnur útisundlaug, heitir pottar, setlaug, vaðlaugar og tvær rennibrautir.“ „Í Héðinsfirði hefur verið komið upp upplýsingaskiltum um sögu fjarðarins og eru ferðalangar hvattir til að nota tækifærið á ferð sinni og hafa þar viðdöl,



Siglufjörður er einn fallegasta bær landsins og býður upp á fjölda möguleika til útivistar, afþreyingu og menningu.

“Fjöllin á Tröllaskaga geyma einhver hæstu fjöll Norðurlands, sem heilla marga fjallagarpa.

njóta náttúrunnar og fræðast um þennan eyðifjörð.“

Þá nýtur Fjallabyggð ákveðinnar sérstöðu. „Sem nyrsta byggð á landinu er Fjallabyggð með betri stöðum til að njóta miðnætursólarinnar.

Hamingja á fjöllum

Annað sem er bæði sérstakt og eftirsóknarvert við Fjallabyggð, eru að sjálfsgöðu ægifygur fjöll. „Fjöllin á Tröllaskaga geyma einhver hæstu fjöll Norðurlands, sem heilla marga fjallagarpa. Fjölmargar fallegar og spennandi



Sundlaugin í Ólafsfirði er tilvalin fyrir fjölskyldur jafnt sem aðra.

gönguleiðir eru í kringum Siglufjörð, Ólafsfjörð og Héðinsfjörð,” segir Linda.

„Snjóflóðavarnargarðarnir á Siglufirði og varnargarðurinn við Hornbrekku í Ólafsfirði hafa vakið mikla athygli fyrir góða hönnun, þeir falla vel að náttúrunni og eru göngustígar á þeim flestum og henta vel til útivistar.“

Gönguleiðakort er bæði að finna á heimasíðu bæjarfélagsins, sem og í upplýsingamiðstöðvum Fjallabyggðar.

Blómlegt menningarlíf

Það er ekki bara náttúran sem er gróskumikil í Fjallabyggð, en þar er að finna fjölda veitingastaða og áhugaverðra safna. „Í Fjallabyggð

er blómlegt menningarlíf. Fjöldi veitingahúsa og gistimöguleikar miklir. Söfnin okkar og setrin, gallerí og listasmiðjur sem enginn má láta vera að skoða, en þar má nefna söfn sem flestir þekkja eins og Sildarminjasafnið á Siglufirði, Ljóðasetur Íslands á Siglufirði, Pálshús í Ólafsfirði, sem hýsir einstakt náttúrugripasafn, og Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði.“

Fyrir alla fjölskylduna

Þá eru börnin að sjálfsgöðu ekki undanskilin. „Börnunum ætti ekki að leiðast í Fjallabyggð en hér er að finna afþreyingu fyrir alla aldursþóp. Svört sandfjaran heillar marga krakkana, gönguferðir á snjóflóðavarnargarðana, ganga í Hvanneyrarskál er auðveld fyrir litla fætur og útsýnið stórkostlegt þegar upp er komið. Hægt er að fara á hestbak, spila minigolf, dorga á bæjarbyggjunni, eða leyfa börnunum að gleyma stað og stund í stórkostlegum söfnum og setrum og kíkja á ævintýraheiminn í skógræktinni á Siglufirði, en skógurinn okkar er sannkölluð náttúruperla sem býður upp á ratleiki, góða grillaðstöðu og margt fleira sem gerir góða fjölskyldustund gulli betri.“

Linda hvetur fjölskyldufólk til að kynna sér upplýsingar um afþreyingu og námskeið í Fjallabyggð. „Á heimasíðu Fjallabyggðar er meðal annars að finna upplýsingar um sumarnámskeið, þar sem mörg þeirra eru opin öllum börnum. Í Fjallabyggð er líka að finna tvær frábærar sundlaugar, ærslabelgi, góð leiksvæði og margt, margt fleira. Hér ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Sjá nánar á: fjallabyggd.is / visit-trollaskagi.is

Gerum ferðalagið að fögru ævintýri

Á ferð um landið er ómissandi að finna sér fagran áningarstað og taka upp gómsætt nesti til að maula í guðs grænni náttúrunni. Þar kemur ensk teboð inn sem óvænt og spennandi upplifun.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ensk teboð eru finasta fint og því ekki að slá upp faguðum nestistíma í anda Englendinga, dúka nestisborð eða leggja fallegan dúk á grasbala og tína til fagran borðbúnað og ómótstæðilegan veislukost og skapa ógleymanlegar minningar? Sjáið bara myndirnar fyrir ykkur, til að sýna á samfélagsmiðlum og eiga í framtíðinni!

Enskar samlokur og lekkert sæta-brauð er frábært fingurfæði sem er auðvelt fyrir ferðalanga á öllum aldri að stinga upp í sig og njóta undir berum himni. Skorpan er vanalega skorin af brauðinu til að samlokurnar liti sem best út fyrir augað. Munnbitarnir eru bornir fram með tei, kaffi eða jafnvel freyðivíni, til að skála í fyrir góðra vína fundum og fagurri náttúru.

Hér eru hugmyndir að enskum tesamlökum sem gleðja munn og maga:

■ Gúrkusamlökur eru einna þekktastar í enska teboðinu. Notið franskbrauð í samloku-



gerðina og skerið skorpuna af. Smyrjið með graslaukssmjöri og þunnt skornum gúrkusneiðum. Einnig má setja svolítið af ferskum myntulaufum ofan á

gúrkuna.

■ Samloka með reyktum laxi er yfirleitt borin fram á stakri rúgbrauðssneið með dilli og

sýrðum rjóma. Sumir kjósa að nota majónes í stað sýrða rjómans og aðrir vilja kryddsmjör á brauðið, en einnig er afbragðsgott að smyrja brauðið

með rjómaosti undir laxinn.

■ Eggjasalat er vinsælt álegg á enskar samlokur. Margar útgáfur eru til af eggjasalati, sem oftast samanstendur af harðsoðnum eggjum, majónesi, dijonsinnepi, dilli, steinselj, salti og pipar. Oftar en ekki er það sett á heilheitiðbrauð, sem hefur verið smurt með graslaukssmjöri og með skorinni papriku og dilli sem aukaáleggi.

■ Aðrar hefðbundnar enskar tesamlökur eru með skinku og osti, roast beef, geitaosti og fikjum, hnetusmjöri og sultu, prosciutto-skinku, brie og eplasneiðum, kjúklingasalati og túnfisksalati með kapers eða sellerii.


■ Samlokurnar eru bornar fram á fallegum kökudiskum á hæðum, þar sem einnig má finna sitt-hvað sætt í gogginn, eins og sitrónumúffur, enskar skonsur til að smyrja með rjómaosti og aldinmauki, og litlar ávaxta-bökur með rjóma eða jarðar-berjahlaupi.



ÍSLANDS
HÓTEL

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

FOSSHÓTEL



EINSTÖK TILBOÐ HÓTELGISTING Í SUMAR

GJAFABRÉF SEM GILDIR Á EINU EÐA FLEIRI HÓTELUM

5 NÆTUR – 65.000 KR.
7 NÆTUR – 84.000 KR.
10 NÆTUR – 99.000 KR.

Verð miðast við einn til tvo fullorðna í herbergi í **5, 7 eða 10 nætur** á einu eða fleiri hótélum. Verð eru án morgunverðar*.

Hægt er að nýta gjafabréfið í samfelldri gistingu eða fyrir stakar nætur yfir tímabilið. Þú getur þannig aðlagð gistinguuna algjörlega eftir þínu höfði og notið þessa tilboðs samhliða annari gistingu á ferð þinni um landið.

Þjóðum upp á
fjölskylduvænar
útfærslur

*Morgunverður
í boði frá 1.600 kr.
á mann

Einfalt að bóka á vefnum okkar!

ISLANDSHOTEL.IS/TILBOD

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast
sendið okkur tölvupóst á
bokun@islandshotel.is



TILBOÐIN GILDA Á EFTIRFARANDI HÓTELUM:

- Grand Hótel Reykjavík • Fosshótel Jökulsárlón (í Öræfasveit)
- Fosshótel Austfirðir (á Fáskrúðsfirði) • Fosshótel Húsavík
- Fosshótel Vestfirðir (á Patreksfirði) • Fosshótel Stykkishólmur
- Fosshótel Reykholt (í Borgarfirði)

ÖNNUR TILBOÐ Í ALLT SUMAR

2 nætur – frá 27.200 kr. á sama hóteli
3 nætur – frá 38.400 kr. á sama hóteli
4 nætur – frá 48.000 kr. á sama hóteli

Tilboðið er í gildi til 31. ágúst
og hægt er að bóka gistingu
til 30. september.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Andaðu að þér Hrísey

Hrísey er einstakur staður. Eyjan liggur á miðjum Eyjafirði og tekur aðeins korter að sigla yfir sundið frá Árskógssandi. Það er skemmtileg sigling sem kostar aðeins 1.500 krónur báðar leiðir.

Þegar komið er til Hríseyjar er gaman að skoða litla þorpið og einnig er um að gera að hafa sundfötin með sér, því nýleg sundlaug er í eyjunni með heitum potti. Vert er að skoða safn Hákarla-Jörundar sem geymir marga einstaka muni og segir sögu hákarlaveiða við Íslandsstrendur.

Hrísey er gríðland rjúpunnar og þar má oft sjá stóra hópa þessa fallega fugls sem virðist hafa orðið þess áskynja að í Hrísey skjóta menn ekki fugla. Rjúpunar eru því gæfar og kúra saman í húsa-görðum þegar sá gállinn er á þeim. Annað fuglalíf í eyjunni er fjölskrúðugt og lítið fugla-skoðunarhús hefur verið reist við Lambhagatjörn skammt norðan við þorpið.

Hægt er að kaupa veitingar í Hrísey og þar er einnig verslun og gistið, auk þess sem hægt er að fá leigð sumarhús hjá einkaaðilum. Í Hrísey er frísbílgolfvöllur og leiksvæði fyrir krakka með öðruvísi leiktækjum og ærslabelg. Allar upplýsingar um þjónustu og afþreyingu í Hrísey er að finna á heimasíðunni hrisey.is.

Það sem einkennir Hrísey ef til vill öðru fremur er kyrrðin og orkan sem býr í náttúrunni. Merktar gönguleiðir eru um eyjuna austanverða og til norðurs, þar sem útsýni til Látrastrandar er engu líkt. Gönguleiðirnar eru frá rúmum tveimur kílómetrum upp í fimm.



Sigling til Hríseyjar tekur aðeins korter og kostar 1.500 á mann báðar leiðir.

» Sagt hefur verið að þar sé að finna eina kraftmestu orkulind landsins þar sem geislar friðar og elsku streyma um svæðið frá fjallinu Kaldbaki sem gnæfir yfir Látraströndina.

Orkulindin er við gönguleiðina á austurhluta eyjarinnar. Þar er gott að setjast niður og anda að sér Hrísey. Sagt hefur verið að á þessum stað sé að finna eina kraftmestu orkulind landsins þar sem geislar friðar og elsku streyma um svæðið frá fjallinu Kaldbaki sem gnæfir yfir Látraströndina. Það er vel þess virði að nema staðar á þessum stað og drekka í sig orku náttúrunnar. Hvergi sjást betur rústir eyðibýlanna sem stóðu við sjóinn út eftir allri Látraströnd. Tignarleg fjöllin gnæfa yfir og glæða umhverfið ævintýrlegum blæ. Andaðu að þér Hrísey.



Nýja sundlaugin í Hrísey er dásamleg og hægt að upplifa bæði ró og fjör.



Ævintýri er að ganga út á Borgarbriki og njóta óviðjafnanlegs útsýnis.

Fjölbreytt afþreying og einstök náttúra

Halldóra Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Norðurhjara, segir löngu tímabært að innlima bæði Langanes og Bakkafjörð í hringveginn enda sé Langanes ekki lengur utan alfaraleiðar.

Strandlengjan meðfram Bakkafirði og Langanesi býður ferðalöngum upp á stórkostlega náttúru og fjölbreyttar gönguleiðir, auk þess sem fuglaskoðun á svæðinu er einstaklega gefandi.

„Nú er tími til kominn að fara út fyrir kassann, eða Hringinn, eða skilgreina hringinn upp á nýtt og taka norðausturströndina inn í,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri ferðaþjónustusamtakanna Norðurhjara á Norðausturlandi, og bætir við að það sé af sem áður var, að Langanesið sé langt utan alfaraleiðar. „Við erum ekki utan seilingar, það er malbikað alla leið, eins og einu sinni var sagt,“ segir hún kímín og bendir á að auk þess sé flogið til Þórshafnar gegnum Akureyri alla virka daga og bílaleigubíll geti beðið á flugvöllum á Þórshöfn fyrir þá sem kjósa að koma þá leiðina.

„Á Langanesi er hægt að fá mjög fjölbreytta þjónustu, þar eru yndislegar íbúðir og á Þórshöfn eru gullfalleg gistiheimili. Við Bakkaflóann er hægt að leigja smáhýsi og á Bakkafirði er glænýtt gistið. Þá eru líka finustu tjaldstaði bæði á Þórshöfn og Bakkafirði og fallett íþróttahús og sundlaug á Þórshöfn.“

Halldóra segir ýmsa afþreyingu í boði í náttúruferðum Langaness.

„Svæðið er þekkt fyrir gríðarlegt fuglalíf, sérstaklega í björgunum á Langanesi, en þar er magnaður útsýnispallur fyrir þá sem ekki



» Langanes teygir sig út í Atlantshafið og á Fonti, ysta tanga þess, er ferðalangurinn nánast kominn á heimsenda.

eru lofthræddir. Önnur stærsta súlubyggð á landinu blasir við af pallinum, sú eina sem hægt er að sjá föstum fótum. Allur svartfugl sem verpir á Íslandi er þarna í einni kós, þar með talinn lundinn, og í gegnum svæðið liggja bæði það sem kallað er Fuglastigur á Norðausturlandi, sem er sérstök hringleið og svo hin þekhta Norðurstrandarleið, eða Arctic



Margar skemmtilegar gönguleiðir á fáförnum slóðum eru á Langanesi.

Útsýnispallurinn við Stórákarl á Langanesi veitir einstakt útsýni yfir hafið og magnaða yfirsýn yfir næststærstu súlubyggð landsins. MYND/ MARKAÐSSTOFA NORDURLANDS

Coast Way, sem byrjar á Bakkafirði, eða endar, eftir því hvernig á það er lítið. Hægt er að fara í skipulagðar fuglaskoðunarferðir, kajakferðir og gönguferðir í kyrrð og ró í fallettri náttúru.“

Langanesið langa sem teygir sig út í Atlantshafið endar á ysta tanga landsins, Fonti, og þar er ferðalangurinn nánast kominn á heimsenda. „Þar stendur einmana viti sem horfir út á hafið, magnað að upplifa þetta mannvirki sem býður hafinu byrginn,“ segir Halldóra. Á Langanesi er einnig eyðibjörp sem heitir Skálar, en þar hefur verið unnin merkileg vinna við að bjarga menningarverðmætum og gaman að fara þangað og ímynda sér hvernig lífi var þar lífað í baráttu við náttúruöflin og um lífsafkomuna.

Halldóra sjálf nýtur þess best að ferðast um svæðið á tveimur jafnfljótum. „Að vera gangandi á Langanesi er mitt uppahald og ganga út í vitann frá Bakkafirði er mín uppahaldsgönguleið í heimi. Vitinn stendur á svo ævintýrlegum stað að það er engu líkt að labba þangað.“

Halldóra segir auðvelt að finna upplýsingar um alla þjónustu á svæðinu á vefnum nordurland.is „Þar má leita að því sem hugurinn gírnist, hvort sem þú vilt koma akandi og fara í skipulagða göngu með ferðafélaginu hér eða hjóla um svæðið, sem nýtur vaxandi vinsælda, þá er allar upplýsingar að finna þar. Hér má finna kyrrð og ró, hér er enginn ys og þys.“



Í bílunum er allt sem þarf til að elda og matast.

Góðir til að elta veðrið

Bílaleiga Akureyrar hefur leigt út húsbíla í 40 ár og er með útibú um allt land sem bjóða nýlega bíla og vandaða þjónustu. Húsbílarnir eru örugg og góð leið til að elta góða veðrið.

Bílaleiga Akureyrar hefur verið í rekstri frá árinu 1974 og í dag er hún með um 4.500 bíla til umráða. Leigan er með sér húsbíladeild, en í henni eru vel á annað hundrað bíla af ýmsum stærðum, sem henta bæði fyrir hálendi og hefðbundna vegi. „Við leigðum út fyrstu húsbílana í kringum 1980 og höfum verið stöðugt að síðan, þannig að við erum engir nýgræðingar á þessu svæði,“ segir Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar. „Við erum með sérstöð fyrir þá á Ásbrú í Reykjanesbæ, en þar er nóg pláss og hægt að geyma bíla viðskiptavina, þvottahús fyrir bílana okkar og starfsfólk með sérþekkingu á húsbílum.“

Allar upplýsingar á vefnum
„Við leigjum hefðbundna húsbíla út frá 15. apríl og út september. Tímatakmörkanirnar eru öryggisatriði vegna veðurs og færðar, en við erum líka með minni tegundir sem hægt er að leigja allt árið. Það eru hefðbundnir, fjórhjóladrifnir bílar,“ útskýrir Bergþór. „Í bílunum er allt sem þarf til að elda og matast og það er líka hægt að fá rúmföt ef fólk hefur áhuga.“
„Við erum með nýlega bíla og vel við haldna og langflestir Íslendingar sækjast eftir húsbílum fyrir fjóra eða sex, sem eru í X-20 og X-30 flokkum,“ segir Birkir Freyr Sigurðsson, umsjónarmaður húsbíladeildar. „Það er hægt að skoða alla bílana á heimasíðunni okkar, husbilaleiga.is, og þar er

líka hægt að fá allar upplýsingar um bílaflotann. Það er 23 ára aldurstakmark fyrir leigu á húsbílum hjá okkur, en við erum með einn flokk bíla með 20 ára aldurstakmark,“ segir Birkir. „Í þeim flokki er minnsti Volkswagen Caddy bíllinn, útbúinn með lítilli en vandaðri innréttingu frá Volkswagen. Honum fylgir að auki fortjald sem gefur aukið pláss.“

Alltaf stutt í hjál
„Við erum með útibú fyrir bíla-leiguna á 20 stöðum kringum landið. Starfsmenn á öllum þessum stöðum geta aðstoðað fólk við að leysa úr málum,“ segir Bergþór. „Þegar fólk er að fara hringinn er slæmt að missa úr heilan dag vegna hremminga og þess vegna skiptir máli að það sé stutt í hjál ef eitthvað kemur upp á. Bílarnir okkar eru með ökuritum sem senda reglulega ýmsar upplýsingar og tryggja að enginn týnist í vonskuveðrum. Þá getum við líka verið í sambandi við fólk, stoppað það af ef það stefnir í ógöngur og sent hjál ef þörf krefur. Við fáum líka tölvupóst ef það kemur mikið högg á bílinn,“ segir Bergþór. „Þetta er mjög gagnlegt öryggistæki og við erum líka með neyðarsíma sem er opin allan sólarhringinn.“

Pottþétt þjónusta
„Starfsfólk okkar hefur mikla þekkingu á þessum bílum. Þess vegna er öll þjónustan í kringum



Bergþór segir að bílaleigan hafi leigt út húsbíla síðan árið 1980, svo að það sé mikil reynsla hjá fyrirtækinu. Birkir segir að það sé boðið upp á pottþétta þjónustu og oft sé hægt að semja um gott verð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sex manna húsbílar eins og þessi, njóta líka mikilla vinsælda hjá Íslendingum.



Svona fjögurra manna húsbílar eru meðal þeirra vinsælustu hjá Íslendingum.



Í bílunum er þægileg svefnaðstaða og það er líka hægt að fá rúmföt.

bílana mjög pottþétt,“ útskýrir Birkir. „Viðskiptavinir fá góða sýnikennslu á bílana og rafrænan bækling sem hægt er að taka með í ferðalagið, þannig að fólk fer frá okkur nokkuð öruggt til að ferðast á svona bíl innanlands.“
„Við leggjum mikla áherslu á að fólk fylgi umgengnisreglum um bæði bíla og landið okkar, noti húsbílana rétt, gisti á tjaldstæðum og tæmi salerni á réttum stöðum,“

segir Bergþór. „Tjaldstæði bjóða upp á aukið öryggi og rafmagn, sem er þægilegt, því það þýðir að það er hægt að nýta græjur betur, sem er ekki hægt á hefðbundnu rafmagni.“

Hentar vel í sumar
„Húsbílar henta sérstaklega vel fyrir Íslendinga, þar sem við erum mikið að elta veðrið, ólíkt hefðbundnum ferðamönnum sem fara

á ákveðna staði óháð veðri,“ segir Bergþór. „Í sumar verður því sennilega slegist um stæði á sólríkum tjaldstæðum, en það er strax munur að vera á húsbíl frekar en í hjólhýsi, því þá þarftu ekki að vera jafn langt inni á svæðinu, heldur geturðu komið þér fyrir í jaðrinum,“ útskýrir hann.

Hægt að semja um verð
„Núna erum við að bjóða hagstæðara verð en áður fyrir þá sem hafa áhuga á að leigja húsbíl í styttri ferð. Það er auðveldara að bjóða hagkvæmara verð fyrir 100-200 km akstur á dag en ótakmarkaðan og það þarf ekki mikið ef maður er ekki að fara langt,“ segir Bergþór. „Þessi nýjung lækkar verðið og gerir húsbíla-leigu aðgengilegri.“
„Við mælum líka með því að fólk hafi samband og fái tilboð frá okkur, því verðið á heimasíðunni okkar er fyrst og fremst til viðmiðunar og það er oft hægt að semja um einhvern aukaafslátt ef við eigum nóg af bílum,“ segir Birkir að lokum.



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.



lönaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is